

Umsókn um styrk vegna útgáfu geisladisks og tónleika til heiðurs Pálmari Ólasyni.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

12.9.2018

Ágæta nefndarfólk

Pálmar Ólason, arkitekt og píanisti með meiru verður átttræður 5. október næstkomandi. Í hópi fólks í kringum hann kviknaði sú hugmynd að halda tónleika honum til heiðurs og hefur nú verið ákveðið að tónleikar verða haldnir 10. nóvember í Urðarbrunni Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Tónleikarnir verða opnir öllum og verður enginn aðgangseyrir. Fjöldi söngvara og hljóðfæraleikara mun taka þátt í þessari tónlistarveislu. Í tilefni af þessum tímamótum verður einnig lagst í útgáfu á hljómdiski með píanóleik Pálmars og er stefnt að því að hann verði tilbúinn fyrir tónleikana.

Pálmar Ólason er flestum Garðbæingum vel kunnugur bæði af félagsstörfum sínum innan bæjarins og af afrakstri starfs síns sem arkitekt og skipulagsfræðingur en Garðabær skartar fjölmörgum byggingum sem Pálmar á heiðurinn af og má þar að nefna Fjölbrautaskóla Garðabæjar, Bæjarból, viðbyggingu Flataskóla og fjöldann allan af einbýlishúsum. Í gegnum árin hafa bæjarbúar fengið að njóta tónlistarhæfileika Pálmars við fjölmörg tækifæri og vitum við sem þekkjum til Pálmars að um er að ræða einstakan gleðigjafa sem er ávallt boðinn og búinn að gefa af sér. Rótarýklúbburinn Görðum veitti Pálmari Garðasteininn árið 2016 fyrir að auðga mannlíf í Garðabæ með tónlistarframlagi sínu.

Í framkvæmd sem þessari fylgir töluverður kostnaður og því er óskað eftir því að menningar- og safnanefnd veiti styrk í verkefnin.

Heildarkostnaður vegna geisladiskaútgáfu er áætlaður um 700.000 kr miðað við 500 stk. upplag.

Heildarkostnaður vegna tónleika er áætlaður 550.000 kr.

Styrkupphæðirnar sem óskað er eftir:

- Upptökur, hönnun og útgáfa geisladisks
250.000 kr.
- Tónleikar, aðföng, hljóðfæraleikarar, salur, leiga á tækjum
150.000 kr.

Fyrir hönd undirbúningsnefndar
Hrafnkell Pálmarsson